



Döttblaðið

fréttabréf Félags heyrnarlausra

2. tbl. 7. árg. desember 2006



Döfblaðið

Fréttabréf
Félags heyrnarlausra

2. tölublað 7. árgangur
desember 2006

Félag heyrnarlausra
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Sími: 561 3560
Fax: 551 3567
Netfang: deaf@deaf.is
Veffang: www.deaf.is

Að blaðinu unnu:
Brynja H. Jónsdóttir
Kristinn Jón Bjarnason

Prófarkalestur:
Margrét Baldursdóttir

Ljósmyndir:
Júlía G. Hreinsdóttir
Haukur Vilhjálmsson
Kristinn Jón Bjarnason
Valgerður Stefánsdóttir
og fleiri

Umbrot:
Kristinn Jón Bjarnason

Ábyrgðarmaður:
Hjördís Anna Haraldsdóttir

Prentun:
Litlaprent ehf.

Upplag:
1.200 eintök

**Félag heyrnarlausra
á aðild að:**
Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ)
World Federation of the Deaf,
(Alheimssamband
heyrnarlausra) WFD
Dövas Nordiska Råd
(Norðurlandaráð
heyrnarlausra) DNR
European Union of the Deaf
(Evrópusamband
heyrnarlausra) EUD

Stjórn Félags heyrnarlausra:
Formaður:
Hjördís Anna Haraldsdóttir
Varaformaður:
Júlía G. Hreinsdóttir
Meðstjórnendur:
Anna Jóna Lárusdóttir
Elsa G. Björnsdóttir
Haukur Vilhjálmsson

Framkvæmdastjóri:
Kristinn Jón Bjarnason

ISSN: 1670-6013

Í þessu blaði ...

3

Leiðari blaðsins

Hjördís Anna Haraldsdóttir formaður Félags heyrnarlausra.

4

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra með táknmálaskennslu í Namibíu

Sagt er frá ferð Valgerðar og Júlíu, starfsmanna Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskerta til Namibíu fyrr á árinu. Samskiptamiðstöðin vinnur í samvinnu við Þróunar – og samvinnustofnun Íslands og menntamálaráðuneytis Namibíu við að breyta menntun heyrnarlausra.

11

Döf-leikritið „Viðtalið“

Þann 4.mars frumsýndi Draumasmiðjan í Hafnarfjarðarleikhúsinu, döf-leikritið „Viðtalið“ eftir Lailu M. Arnþórsdóttur og Margrét Pétursdóttur. Áhorfendur voru að vonum mjög ánægðir með verkið, sem var bæði skondið og skemmtilegt, sorglegt og átakanlegt.

12

Döf menning – hvað er það?

Júlía G. Hreinsdóttir fagstjóri Samskiptamiðstöðvar útskýrir hvað menning heyrnarlausra er.

14

Nám í táknmálfræði og táknmálstúlkun

Kynning á námi í táknmálfræðum og táknmálstúlkun sem kennd er við hugvísindadeild Háskóla Íslands.

15

Félag táknmálfræðinema

Kynning frá nemendum í táknmálfræði sem eru duglegir að halda hópinn og hittast utan skólans. Á meðal nemenda er starfandi félag sem kallar sig Hending og hefur það verið starfandi í nokkur ár.

17

Málþing um menningu heyrnarlausra

Sagt frá málþingi sem haldið var í lok mars 2006 í Háskóla Íslands, um menningu heyrnarlausra. Rannsóknasetur í fötlunarfræðum, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og Félag heyrnarlausra stóðu fyrir málþinginu, sem var vel sótt og afar fróðlegt.

18

Er nám í táknmálstúlkun staðnað?

Í leiðara síðasta tölublaðs Döfblaðsins gagnrýndi Berglind Stefánsdóttir nám í táknmálstúlkun við Háskóla Íslands og spyr hvort það sé nógu öflugt. Berglind spyr jafnframt hvort túlkapjónustan hafi setið á hakanum á meðan kröfur heyrnarlausra hafa aukist. Rannveig Sverrisdóttir svarar gagnrýninni.

21

Þýðingar á táknmál

Ásta Baldursdóttir segir frá BA ritgerð sinni sem heitir *Áhrifafangildi í þýðingum á íslenskt táknmál*. Í henni er rætt um þýðingar á táknmál og þær bornar saman við þýðingar milli tveggja ritmála.



Leiðari eftir Hjördísi Önnu



Nýlega varð breyting í formannsstóli. Berglind Stefánsdóttir ákvað að stíga úr stólnum eftir áhugaverðan og viðburðaríkan tíma og gefa öðrum kost á að berjast um sætið. Formennskusætið var ekki auðfengið. Nú á síðasta aðalfundi var spennandi kosning, menn muna varla eftir jafn spennandi kosningu. Einu atkvæði munaði um hver fengi sætið. Menn voru sammála um að erfitt væri að finna eftirmann eftir Berglinni Stefánsdóttur. Strax og nýr formaður var tekinn við tóku verkefni að hrannast upp. Mörg verkefni sem þess virði er að sinna af alúð og fullum eldmóði. Það sem blasir við okkur mörgum döfð í dag er hvað það er erfitt að fá táknmálstúlk. Ég er treg til þess að nefna þetta vandamál sem þó er staðreynd að er til staðar. Þessi hindrun er kannski ágætis stökk aftur í tímann til þess að sjá hvernig líf okkar var þegar táknmálstúlkun var nýspröttin grein. Grein sem nú hefur náð að festa rætur í samfélaginu og hefur veitt okkur döfð aðgengi að samfélaginu. Áður var það varla vandamál þó ekki fengist túlkur en nú í dag jaðrar það við að vera stórkostlegt vandamál. Hvað hefur gerst þarna á milli? Við vöktum jú vitund samfélagsins á okkar þörfum og vilja til að tilheyra og vera hluti af því. Í byrjun var mest áhersla lögð á að fá táknmálstúlkun í framhaldsskóla, háskóla og í almennum samskiptum við samfélagið eins og heimsókn til læknis eða fund með þjónustufulltrúa í

bönkum. En svo með tímanum fórum við að sjá kosti táknmálstúlkunar og fórum að nýta okkur hana meðvitað. Margar nýstárslegar aðstæður komu upp sem áður voru nær óhugsandi. Fyrir 10 árum síðan hefði mér ekki dottið í hug að panta túlk í fermingarveislu í fjölskyldunni, hvað þá að panta túlk til spákonu. Þetta er eðlilegur hlutur í dag og er að aukast í okkar íslenska samfélagi. Síðasta ár var algjör draumur þá fengum við nasasjón af því hvernig það er að njóta lífsins eins og aðrir í samfélaginu í samræmi við áhuga sinn og þarfir. Það var stórt skref og hikandi fyrir suma döfð að taka, einfaldlega vegna þess að þau þekktu ekki allt það sem lífið hefur uppá að bjóða. Þess vegna brennur þetta svo á okkur núna að eiga erfitt með að fá táknmálstúlk. Það er nákvæmilega eins og barni hafi verið réttur sleikjó og hann síðan tekinn af barninu.

Það má draga jákvæðan lærdóm af þessu, við erum búin að upplifa líf án hindrana og við vitum hvað er hinu megin og það eflir baráttuanda okkar, að berjast fyrir okkar stað í samfélaginu sem er "Samfélag án hindrana".

Hjördís Anna Haraldsdóttir
formaður Félags heyrnarlausra



Samskiptamiðstöð heyrnarlausra með táknmálskenndu í Namibíu

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskerta (SHH) vinnur í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands og menntamálaráðuneyti Namibíu að breyta menntun í skóla heyrnarlausra. Meginmarkmið verkefnis er að stuðla að þátttöku heyrnarlausra í namíbísku samfélagi. Fyrst og fremst er unnið að því að bæta menntun heyrnarlausra barna. Það er gert með tækjakaupum fyrir skóla heyrnarlausra, samvinnu og fræðslu til kennara og við félag heyrnarlausra í landinu. Starfsmenn SHH, þær Valgerður Stefánsdóttir forstöðumaður og Júlía G. Hreinsdóttir fagstjóri, fóru til Namibíu og komust að því að þeir sem ekki heyra í Namibíu hafa heldur enga hugmynd um að táknmál sé alvöru tungumál. Og heyrnarlaus börn í leikskólanum eru nánast mállaus með öllu og eiga sér ekkert nafn á táknmáli.

Ekki er langt síðan að staðan á Íslandi var svipuð og er nú í Namibíu þar sem

Íslendingar eru svo nýlega búnir að ganga í gegnum þróun frá óralisma eða alhliða boðskiptum, sem er núna kennsluáferðin í Namibíu. Íslendingar þekja því breytingaferlið sem þarf að fara í gegnum. Þetta þekkir Valgerður vel þar sem hún var kennari við Heyrnleysingjaskólann fyrir meira en tveimur áratugum síðan og þar notuðu Íslendingar sömu kennsluáferðir og voru í sömu stöðu og kennararnir í Namibíu eru núna. Júlía hefur mikla reynslu í táknmálskenndu og hefur séð þróun hérlendis í yfir tuttugu ár sem hún hefur kennt táknmálið.

Hér á eftir fræðumst við svolítið meira um verkefni Valgerðar og Júlíu í Namibíu þar sem við tókum viðtal við þær.

Upphaf Namibíuverkefnisins

Skóli heyrnarlausra í Namibíu "School for the Hearing Impaired, NISE (National Institute for Special Education)" í höfuðborginni Winhoek hafði

samband við menntamálaráðuneytið í Namibíu, sem hafði svo samband við skrifstofu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) og það um aðstoð við að breyta menntun heyrnarlausra í þessum skóla. Yfirmaður aðal-skrifstofu ÞSSÍ í Namibíu er Víðir Sigurðsson. Jóhanna Þorvaldsdóttir, áður kennari í döfðskóla og konan hans, átti stóran þátt í að þessari samvinnu var komið á.

Skólustjóri skólans er með doktorspróf frá háskóla í Finnlandi, og hann veit að menntun heyrnarlausra er öðruvísi á Norðurlöndum heldur en í Namibíu. Hann vildi breyta kennsluáferðum og menntun heyrnarlausra barna. Eftir að tvítýngiskennsla var tekin upp á Norðurlöndum eða eftir að táknmálið varð kennslumál í skólum fyrir heyrnarlausra hefur menntunarstig þeirra og þátttaka í samfélaginu aukist verulega eins og kemur mjög skýrt fram hér á Íslandi þar sem heyrnarlausir eru farnir að fara í

háskóla. Fyrir tuttugu árum hafði enginn farið í háskóla Túlkaþjónusta gegnir lykilhutverki þar sem túlkar tryggja aðgengi heyrnarausra að námi. Í framhaldinu gerði ÞSSÍ tveggja ára samning við SHH ásamt því að gefa skólanum tölvur, upptökuvélar, skjávarpa og fleira til að auðvelda kennsluna.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands í félagslegum verkefnum

ÞSSÍ hefur verið að kenna Namibíumönnum að vinna fisk úr sjó, með því að styðja þá við að reka eigin sjómannaskóla, hafrannsóknarstofnun og útgerð. Áherslur Íslendinga eru að gera fólk í Namibíu fært um að reka sjálft og eiga atvinnutækifærin. Stefna ÞSSÍ gengur út á sjálfbæra nýtingu auðlinda og sjálfbæra þróun. Það eru einungis sjö staðir í heiminum þar sem eru jafn gjöful fiskimið og við Ísland og fiskimiðin út frá Namibíu eru einn af þeim stöðum. Það eru því miklar auðlindir fyrir Namibíumenn sem þar eru. Einnig hefur ÞSSÍ unnið að fullorðinsfræðslumálum og nú eru félagslegar áherslur að aukast þar sem Íslendingar hafa lokið mörgum af verkefnum í sjávarútvegi. Félagsleg verkefni eru til dæmis leikskóla-verkefni, að gefa munaðarlausum börnum mat, lestrarkennsla, menntun kvenna o.s.frv. Eitt af þessum félagslegu verkefnum er verkefni Samskiptamiðstöðvar við kennslu og menntun heyrnarausra sem er tveggja ára verkefni.

Heyrnarlausir eru með aðra menningu en heyrandi héraendis sem erlendis Valgerður er menntuð kennari með sérkennslu heyrnarausra. Hún gerði rannsókn á árunum 1998-2004 sem hún vann á samskiptum táknmáls-samfélagsins við samfélag íslenskunnar sem var hennar lokaverkefni til mastersritgerðar í uppeldis og menntunarfræðum frá Háskóla Íslands í febrúar 2005. Ritgerð hennar nefnist "Málsamfélag heyrnarausra". Í rannsókn hennar kom fram að táknmál og heyrnarleysi er samofið persónu og sjálfsskilning heyrnarausra einstaklinga, eða döff fólks, rétt eins og íslenskan og það að vera Íslendingur er stór hluti af sjálfsmýnd heyrandi Íslendinga. Einnig kom í ljós að döff fólk myndar sérstakt menningarsamfélag sín á milli. Það kom skýrt fram að táknmál nýtur mun minni virðingar en íslenska og sömuleiðis að fólk sem er heyrnarlaust nýtur minni virðingar en þeir sem heyra. Fólk talaði um valdbeitingu



Sjónvarpið í Namibíu tekur viðtal við Valgerði í fyrri heimsókn hennar í febrúar 2006



Namibísk börn fylgjast mjög vel með kennslunni



Nashyrningar nálgast ódfluga í skoðunarferð



Nýja nafnatákníð

sem verður til vegna þess að mál þess var bannað í svo langan tíma og hefur ekki enn náð virðingu eftir það tímabil. Valgerður nefndi að í Namibíu væri staða heyrnarlaustra enn verri en á Íslandi og valdbeitingin í gegnum mál enn meiri. Þar er verið að nota mál við börnin sem þau eiga enga möguleika á að skilja eða læra með þeim aðferðum sem eru notaðar. Kennurinum fannst einkennilegt að börnin voru ófær um að hugsa, læra utan að eða draga ályktanir en það var vegna þess að málið sem var haldið að þeim var þeim óskiljanlegt. Við þessar aðstæður verða heyrnarlaustrir algerlega einangraðir frá stóra samfélaginu, án menntunar, tækifæra og valda, meira segja til að hafa áhrif á eigið líf. Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru eitt af leiðarljósum ÞSSÍ en í þeim kemur fram að við berum sameiginlega ábyrgð á að mannvirðing, jafnrétti og jafnræði séu virt á alheimsvísu. Aðalmarkmið eða langtíma markmið verkefnis SHH í

Namibíu er að stuðla að samfélagsþátttöku fólks sem er heyrnarlaut eða heyrnarskert og vinna að „mannvirðingu, jafnrétti og jafnræði“ þess. Júlía er proskapjálfi að mennt auk þess lauk hún B.Ed. prófi frá Kennaraháskóla Íslands vorið 2003 og er nú nemandi í mastersnámi við Háskóla Íslands í kennslufræðum. Júlía er sérfræðingur í því hvernig á að byggja upp táknmálsnámskeið, hvernig hægt er að mennta foreldra og kennara í táknmáli og í uppbyggingu námsefnis. Auk þess hefur hún kennt við Háskóla Íslands og í framhaldsskólum í táknmálsfræðum í fjölda ára ásamt að vera varaformaður Félags heyrnarlaustra í nokkur ár.

Nýstárlegt verkefni í Namibíu

Valgerður segir verkefnið um margt vera nýstárlegt. Hún fór fyrst út í febrúar 2006 og dvaldist í þrjár vikur. Verkefnið hófst á því að fræða kennarana almennt um táknmál og málfræði táknmáls sem hún segir þá

ekki þekkja. Þá aðstoðaði Valgerður starfsmenn skólans einnig við gerð námsefnis og námsskrár í táknmáli. Í júlí 2006 fór hún aftur út ásamt Júlíu og voru þær í þrjár vikur í Namibíu. Júlía vann meira með heyrnarlaustrum, kenndi þeim táknmálskennsluaðferðir og uppbyggingu í málfræði en markmiðið með þessu er að kenna þeim þá færni sem til þarf svo að þeir geti sjálfir haldið starfinu áfram. Þær Júlía og Valgerður lærðu svoltið í namibísku táknmáli, Júlía segir að það minni á amerískt táknmál. Verkefni Valgerðar var að styðja kennara skólans við að taka upp kennslu á táknmáli. Það felur í sér kunnáttu í táknmáli, af hverju það er mikilvægt að kenna nemendum á táknmáli og kennslu um máltöku barna á táknmáli, kennsluaðferðir bæði við táknmálskennslu og kennslu annarra námsgreina sem kenndar eru á táknmáli og svo námsefnisgerð. Valgerður var með fyrirlestra, sat í tímum og veitti ráðgjöf og svo var hún með smíðjur (workshop) fyrir minni hópa í námsefnisgerð og í námsskrárgerð. Júlía var einnig með einstaklingsráðgjöf um táknmál, undirbúning kennslu og kennsluaðferðir þegar talað er um táknmál. Á næsta ári eru svo tvær heimsóknir til viðbótar fyrirhugaðar.

Styrkur til skólans í Namibíu

Samskiptamiðstöðin gaf skólanum forrit til námsefnisgerðar sem hefur verið þróað á SHH en í því er hægt að gera námsefni í táknmáli og ritmáli (t.d. íslensku eða ensku). Forritið er ný útgáfa af smíð og spilara sem kölluð er Tákn 2006.

Menntamálaráðuneytið hefur styrkt SHH til að vinna að þróun þessa forrits og það er skrifað af Trausta Kristjánssyni eins og gamla forritið. Í því er hægt að tengja saman táknmál og ritmál og búa til námsefni fyrir heyrnarlaustra nemendur. Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) gaf skólanum í Windhoek 10 tölvur, klippiforrit, upptökuvélar og fleiri tæki til námsefnisgerðar. Að sögn Valgerðar finnst kennurinum þetta vera alger bylting, að fá tæki til þess að vinna með táknmálið og þau finna að þetta er lausnin.

Áhrif Milanófundarins 1880

Valgerður og Júlía sögðu að kennarar í Namibíu vissu lítið um táknmál almennt, sem ennþá glíma við afleiðingar táknmálsbanns fortíðarinnar. Táknmál var bannað í kennslu heyrnarlaustra alls staðar í

heiminum eftir ráðstefnu um menntun heyrnarlausra sem haldin var í Mílanó á Ítalíu árið 1880. Táknmálsbannið byggði á þeirri hugmynd að ef börnin fengju ekki að læra táknmál myndu þau verða að læra að tala. Bannið hafði þveröfug áhrif. Það leiddi til einangrunar heyrnarlausra, lokaði aðgangi þeirra að menntun og læsi og tækifærum til atvinnu og þátttöku í samfélagi annarra. Það var síðan eftir 1980 sem táknmál fór að öðlast viðurkenningu aftur t.d. á Norðurlöndum og frá þeim tíma hefur vegur þess aukist. Nú er hugmyndafræðin, sem menntun heyrnarlausra er byggð á, kennd við tvítýngi. Þar er kennslumálið táknmál landsins og ritmálið er kennt á grundvelli táknmálsins. Breytingarnar á menntunarstigi frá táknmálsbanni til tvítýngis hafa verið byltingarkenndar. Áður útskrifuðust börn ólæs úr skólum en nú ná þau sem fengið hafa eðlilega máltöku á táknmáli og menntun sem byggir á tvítýngi, samsvarandi árangri og heyrandi börn.

Börnum gefið nafn á táknmáli

Júlía sagði að börnin, sem þær hittu í leikskóla fyrir heyrnarlaus börn, hefðu ekki átt nafn á táknmáli líkt er á Íslandi og víða um heim. Hver einstaklingur var einungis kenndur við upphafsstafrinn í ritaða nafninu. Júlía gaf börnum nafn á táknmáli og börnin voru himinlifandi yfir að eignast sitt eigið nafn á táknmáli. Hún gaf leikskólakennurum líka nafnatákn og Valgerður tók myndir af nýju nöfnunum sem voru hengdar upp á vegg í leikskólanum.

Máltaka heyrnarlausra barna ábótavant

Valgerður segir einna alvarlegast að í Namibíu séu engir ríkisreknir leikskólar og því komi heyrnarlausir krakkar inn í skólana á aldrinum 5 til 14 ára, alveg mállausir. Einungis einn leikskóli er til fyrir heyrnarlaus börn í landinu og þar eru bara 8 börn. Því sé afar mikilvægt að byggja upp leikskóla fyrir heyrnarlaus börn enda geti þau lært gríðarlega mikið á þessum fyrstu æviárum. Það sé hins vegar erfitt verk, ekki síst þar sem foreldrar hafi tilhneigingu til að fela fötluð börn sín. Aðspurð um hvernig megi tryggja máltöku barna segir Valgerður: "Með því að börnin fái táknmál frá fæðingu eða frá þeim tíma sem heyrnarleysið uppgötvast. Þau þurfa að hafa táknmálstalandi málfyrirmyndir, geta leikið sér við jafnaldra á táknmáli. Það þarf að lesa fyrir þau á táknmáli o.s.frv.



Unnið í forritinu sem Samskiptamiðstöð gaf



Valgerður hélt táknmálsvinnustofu 20. febrúar til 3. mars 2006



Júlía ásamt nemendum sínum



Júlía segir sögur á táknmáli og börnin fylgjast mjög vel með

Júlía eru að gera. Fólkið í Namibíu veit að þessar aðferðir sem eru notaðar núna úti bera ekki árangur og það finnur að þetta er rétt leið að fara. Valgerður sagði “Þannig að við finnum að við erum á réttri leið”. Valgerður segir “Í dag er það þannig að kennararnir kunna mörg tákni en þeir nota málfræði enskunnar við að setja saman tákni í kennslunni. Krakkarnir eru heyrnarlausir. Þeir kunna ekki ensku og lykillinn að menntun þeirra er að það sé talað táknmál við þau og að þau skilji það sem sagt er við þau. En í dag er staðan sú að þau skilja mjög óljóst það sem verið er að segja vegna þess að það eru tákni, sundurlaus tákni með málfræði enskunnar og það verður mjög óskiljanlegt mál. Þetta er alveg eins og þegar tekin eru íslensk orð og þýdd beint yfir á eitthvert annað tungumál sem hefur aðra málfræði og þá er það ekki skiljanlegt.” Með öðrum orðum báru kennsluáðferðir í skólanum ekki árangur því er staðan í Namibíu eins og á Íslandi áður fyrr að nemendur eru ólæsir og ómenntaðir. Valgerður sagði að það væri verkefni þeirra á SHH að breyta kennslunni sem heyrnarlausir nemendur fá. Núna vita kennarar meira um hvað á að gera og hvernig á að kenna heyrnarlausum börnum. Júlía sagði að fólkið vissi ekki um að táknmál ætti málfræði, og þau höfðu ekkert námsefni sem hægt sé að kenna á táknmáli eða ekkert í höndunum.

Slæm atvinnu og námstækifæri fyrir heyrnarlausa

Valgerður segir þá í raunar svo jákvæða að þeir stefni að því að verða sú Afríkubjóð sem bjóði upp á bestu menntunina fyrir heyrnarlausa. Um 4,6% íbúa Namibíu glíma við einhvers konar fötlun og segir Valgerður um 1% þjóðarinnar heyrnarlaust en til samanburðar er fjöldinn hérlendis um 1 prómíl. Hún segir þessa hópa hafa orðið útundan í namibísku samfélagi. Þeir hafi t.d. engin atvinnutækifæri eða menntunarmöguleika. Júlía sagði að heyrnarlausir í Namibíu hefðu enga vinnu og lélega menntun. Þetta er mjög erfitt fyrir þá en þau eru samt mjög glaður hópur og hafa gaman að horfa á fótbolta saman.

Namibía eitt strjábýlasta land í heimi

Höfuðborg Namibíu, Windhoek er venjuleg borg þar sem hægt er að fá allt til alls en auðvitað er miklu meiri fátækt í Namibíu en hér á landi. Íslendingar eru með um 15 – 20 sinnum meiri landsframleiðslu á mann

Það er öll eðlileg samskipti sem við eigum við börn þurfa bara að fara fram á táknmáli. Þeir sem umgangast barnið þurfa að læra táknmál og barnið þarf að hitta aðra sem tala táknmál – börn og fullorðna.” Lang mikilvægasti þátturinn í málþróun táknmálsbarna er máltaka þeirra. Það er sá þáttur sem mest áhrif hefur á læsi þeirra. Þeim mun eðlilegri sem máltakan er þeim mun betri möguleika eiga þau á því að ná því að verða vel læs á ritmál landsins sem þau búa í. Að auki segir Valgerður að háskólinn í Namibíu verði að taka þátt í vinnunni þar sem að háskólamenntun táknmálsstúlka skipti öllu fyrir framhaldið. Valgerður taldi því nauðsynlegt að ná sambandi við háskólann í Namibíu um að byggja upp nám í táknmáli og túlkun og hefja rannsóknir á táknmáli og rannsóknir á máltöku barnanna og fylgjast með því. Táknmálsstúlkar eru lykill að þáttöku heyrnarlausra í namibísku samfélagi eins og hérlendis og markmið verkefnisins, yfirmarkmiðið, er þátttaka

heyrnarlausra í namibísku samfélagi. Einnig gæti verið nauðsynlegt að virkja háskólann í vinnu sem tengist máltöku barnanna á leikskólastigi.

Þrjátíu ár aftur í tímann

Valgerður sagði að þetta er alveg eins og að fara 30 ár aftur í tímann, alveg eins og þegar þau voru að byrja að vinna á Íslandi áður fyrr. Við höfum farið í gegnum þessa vinnu á Íslandi og höfum öðlast þekkingu og reynslu. Við vitum hvaða skref eru rétt og hvaða leið er rétt að fara. Júlía tók undir þetta og sá hvað Namibía var mikið eftir á. Ekkert túlkanám er í háskóla í Namibíu og táknmálsstúlkar eru ekki til fyrir framhaldsmenntun heyrnarlausra og heldur ekki félagsleg túlkun eða heilbrigðistúlkun. Þetta er nákvæmlega sama staðan og var hér á Íslandi fyrir 30 árum. Valgerður sagði að verkefnið væri gefandi og skemmtilegt þar sem allir sem þær hittu, væru menntað fólki, opið og mjög jákvætt fyrir því sem þær Valgerður og

á ári og helmingi meiri hagvöxt. Landið er ríkt, en auðnum er misskipt. Í Namibíu er námuiðnaður, landbúnaður, ferðamannaíðnaður og sjávarútvegur. Það eru hvítir sem eiga flestar demantanámurnar og helminginn af landinu eiga 4000 hvítir menn en hinn helminginn eiga 1 milljón svartir menn og það er verra land og ofnýtt. Ferðamannabúðir eru flestar í eigu Þjóðverja og eins eru það hvítir menn sem selja ferðir til að skoða villidýrin. Namibía er eitt strjálbýlasta land í heimi og þar er mikil náttúrufergurð. Namibíumenn eru miklir náttúruverndarmenn og Namibía er fyrsta landið í heiminum sem setti umhverfisvernd í stjórnarskrá sína og sjálfbæra nýtingu villtra dýra.

Ólík menning í Namibíu

Í Namibíu búa 11 eða 12 þjóðflokkar sem eiga sér sín tungumál og sína menningu, þannig að menningin er afar fjölskrúðug. Þessir þjóðflokkar tala hver sitt tungumál þannig er það alvanalegt að fólk tali mörg tungumál. Klæðaburður er líka ólíkur á milli þjóðflokka einnig matarvenjur og líka líkamsbygging fólks. Enska er opinbera málið og með því að hafa eitt sameiginlegt mál er reynt að sameina þessa ólíku þjóðflokka.

Þakkir til Íslenskra stjórnvalda

Valgerður og Júlía sögðu að verkefnið gefa mjög góða raun og að heyrnarlausir í Namibíu séu gríðarlega þakklátir fyrir framtakið. Ennfremur sagði Júlía að hingað til hefði áherslan í þróunarsamstarfi verið á heyrandi en allt í einu núna er verið að leggja áherslu á málefni heyrnarlausra. Formaður félags heyrnarlausra í Namibíu sagði "að það væri algert einsdæmi að ríkisstjórn lands taki þátt í því að byggja upp starf með heyrnarlausum að byggja upp samfélag heyrnarlausra og hann sendi Íslendingum sínar innilegustu þakkir fyrir það."

Á næsta ári halda Júlía og Valgerður áfram starfinu. Þá fara þær norður í land í skóla sem heitir Eluwa og er í Ongwediva í norður Namibíu alveg upp við landamæri Angóla. Þar verður kennslan endurtekin sem búið er að veita í NISE og einnig byrjað á nýjum verkefnum. Júlía tók fram að ekki sé hægt að byggja upp starf á þremur vikum, þar sem þetta væri þróunarstarf til margra ára.



Nemendur í Eluwa skóla sem er í Ongwediva í norður Namibíu



Júlía með stjórnendum Félags heyrnarlausra í Namibíu



Júlía og Valgerður í Namibíu

EFTIRTALIN FYRIRTÆKI STYRKJA FÉLAG HEYRNARLAUSRA

Reykjavík

A. Wendel ehf, Sóltúni 1
 AB varahlutir ehf, Bildshöfða 18
 Aðalblikk ehf, Vagnhöfða 19
 Aðalmálun sf, Skólavörðustíg 10
 Alefli ehf byggingaverktakar,
 Þarabakka 3
 Allar lagnir ehf, Æsufelli 4
 Allt-af ehf, Hraunbæ 109c
 ARGOS ehf, Arkitektastofa
 Grétars og Stefáns, Eyjarslóð 9
 Arkinn ehf, Langholtsvegi 9
 Arkitektastofan ehf, Sóltúni 1, 2h
 Arkís ehf, Aðalstræti 6
 Augað, gleraugnaverslun,
 Kringlunni og Spönginni
 Aurum ehf, Bankastræti 4
 Álnabær hf, vefnaðarvörverslun
 Tjarnargötu 17 Kefl, og
 Síðumúla 32 Rvík
 Áltak ehf, Stórhöfða 33
 Árbæjarapótek ehf, Hraunbæ 102b
 Árni Reynisson ehf, Túngötu 5
 B.K.flutningar ehf, Krosshömrum 2
 Barnaverndarstofa, Borgartúni 21
 Betra líf ehf, Kringlunni 8
 Bifreiðastillingar Nicolai,
 Faxafeni 12
 Bílaleigan AKA, Vagnhöfða 25
 Bílamálun Sigursveins
 Sigurðssonar, Skipasundi 80
 Bílasmiðjurnir hf, Bildshöfða 16
 Bílastjarnan, Bæjarflöt 10
 Björn Traustason ehf, Vogalandi 1
 Blikksmiðja Reykjavíkur,
 Súðarvogi 7
 Blómastofa Friðfinns,
 Suðurlandsbraut 10
 Bókautgáfan Hólar ehf, Hagasel 14
 Bókhaldsþjónusta Gunnars ehf,
 Ármúla 1
 Brauðhúsið ehf, Efstalandi 26
 Brim hf, Tryggvagötu 11
 Búsáhöld og gjafavörur,
 Kringlunni 8-12
 Bæir ehf, Jónsgeisla 15
 Danica sjávarafurðir ehf,
 Laugavegi 44
 Davíð S Jónsson og Co ehf,
 Skútuvogi 13a
 DS lausnir ehf, Súðavogi 7
 Dúklagnameistarinn ehf,
 Geitlandi 7
 Dynjandi ehf, Skeifunni 3h
 E.T. ehf, Klettagörðum 11
 Effect hársnyrtistofa,
 Bergstaðastræti 10a
 Efling stéttarfélag, Sætúni 1
 Efnalaug Árbæjar ehf,
 Hraunbæ 102
 Eignamiðlunin ehf, Síðumúla 21
 Einar Farestveit og Co hf,
 Borgartúni 28
 Einingaverksmiðjan ehf,
 Breiðhöfða 10
 Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4
 Ernst & Young hf, Borgartún 30
 Exis ehf, Skipholt 50 b
 Eyfir fjárfestingafélag ehf,
 Skólavörðustíg 13
 Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu
 Tryggvagötu 17
 Femín ehf, Ármúla 36
 Feró ehf, Steinasel 6
 Ferskar kjötvörur hf, Síðumúla 34

Félag íslenskra hljómlistar-
 manna, Rauðagerði 27
 Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1
 Filmus, Grettisgötu 87
 Fjarhitun hf, Suðurlandsbraut 4
 Fjárfestingafélagið Gaumur ehf,
 Suðurlandsbraut 48
 Fjármál heimilanna ehf,
 Sundagörðum 2
 Flísalagnir Afrims ehf, Torfufelli 30
 Fólksbílaland ehf, Bildshöfða 18
 Fróken Júlía ehf, Mjódd
 G Hannesson ehf, Borgartúni 23
 G.Á. verktakar sf, Austurfold 7
 G.S.varahlutir ehf, Bildshöfða 14
 Gallabuxnabúðin Kringlunni,
 Kringlunni 4-12
 GÁ húsgögn ehf, Ármúla 19
 Gámþjónustan hf, Súðarvogi 2
 Gissur og Pálmi ehf,
 byggingaverktaki, Álfabakka 14a
 Gjögur hf, Kringlunni 7
 Gluggahreinsun Loga, Funafold 4
 GM-Múr ehf, Dofraborgum 40
 GP arkitektar ehf, Austurstræti 6
 Grandakaffi, veitingasala,
 Grandagarði 101
 Grásteinn ehf, Fornhaga 22
 Gró ehf, Skútuvogi 10b
 Grund, dvalar- og
 hjúkrunarheimili, Hringbraut 50
 Guðmundur Jónsson ehf,
 Borgartúni 34
 Guðrún Óladóttir, reikimeistari,
 Tungubakka 28
 Gunnar afi SH 474,
 GuSt ehf, Laugavegi 70
 Gúmmivinnustofan ehf, Skipholt 35
 H. Hauksson ehf,
 Suðurlandsbraut 48
 Hafgæði sf, Fiskislóð 47
 Handlæknastöðin ehf,
 Álfheimum 74
 Harðviðarval ehf, Krókhálsi 4
 Hárgreiðslustofa Höllu
 Magnúsdóttur, Miðleiti 7
 Heimilisprýði, húsgagnaverslun
 við Hallarmúla, Hallarmúla 1
 Henson Sports Europe á Ísl ehf,
 Brautarholti 24
 HGK ehf, Laugavegi 13
 Híbýli fasteignasala ehf,
 Suðurgötu 7
 Hjálparstarf kirkjunnar,
 Laugavegi 31
 Hjálpræðisherinn á Íslandi,
 Garðastræti 38
 Hollt og gott ehf, Fosshálsi 1
 Hótel FöniX, Laugavegi 140
 Hótel Óðinsvé hf, Þórsstötu 1
 Hugmót ehf, Skipholt 19
 Húsaklæðning ehf, Ingólfsstræti 3
 Húsasmiðurinn ehf, Hyrjarhöfða 6
 Húsið fasteignasalan sími: 513-
 4300, Suðurlandsbraut 50
 Húsun ehf, Hamarshöfða 6
 Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
 Höfði fasteignamiðlun ehf,
 Suðurlandsbraut 20, og
 Bæjarhrauni 22
 Iðntré ehf, Draghálsi 10
 Ingimar H. Guðmundsson ehf,
 heildverslun, Skipholt 50b
 Innheimtustofnun sveitarfélaga,
 Lágmúla 9

Internet á Íslandi hf, ISNIC,
 Dunhaga 5
 Intrum á Íslandi ehf, Laugavegi 97
 Íslandsfundir ehf,
 Suðurlandsbraut 30
 Ísleifur Jónsson ehf, Bolholti 4
 Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf,
 Bildshöfða 12
 Íþróttafélagið Fylkir, Fylkisvegi 6
 Jón & Óskar, Laugavegi 61
 Kaffi Roma, Laugavegi 118
 Kapólska kirkjan á Íslandi,
 Hávallagötu 14-16
 Kemis ehf, Breiðhöfða 15
 Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
 Kjöttpól ehf, Frostafold 20
 Knattspyrnufélagið Víkingur,
 Traðarlandi 1
 Knattspyrnusamband Íslands,
 Laugardal
 Kornelíus ehf, Bankastræti 6
 Kóral sf, Vesturgötu 55
 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11
 Landsteinar Stengur hf, Ármúla 7
 Lášúsið ehf, Bildshöfða 16
 LH - tækni ehf, Mörkinni 6
 Lindin, kristið útvarp FM 102,9,
 Krókhálsi 4
 List og saga ehf, Engjasei 41
 Lyfjaval ehf, Þönglabakka 6
 Lyfjaver ehf, Suðurlandsbraut 22
 Lögiltir endurskoðendur ehf,
 Hverafold 1-3
 Lögreglustjórnin í Reykjavík,
 Hverfisgötu 115
 Löndun ehf, Kjararvogi 21
 Mandat, lögmannstofa,
 Ránargata 18
 Matthías ehf, Vesturfold 40
 MEBA - Magnús E. Baldvinsson
 ehf, Kringlunni 8-12
 Menntaskólinn við Hamrahlíð,
 Hamrahlíð 10
 Mentis hf, Sigtúni 42
 MG Hugbúnaður og ráðgjöf ehf,
 Fiskakvísl 18
 Minjavernd hf, Amtmannstíg 1
 Móa ehf, Box 9119
 Móðir Náttúra ehf, Gufunesvegi
 Múr- og málningarþjónustan
 Höfn ehf, Réttarhálsi 2
 Nobex ehf, Skútuvogi 1
 NorðNorðVestur Kvíkmyndagerð
 ehf, Viðarhöfða 6
 NOW vítamín,
 Nói-Síríus hf, Hesthálsi 2-4
 Nýja teiknistofan ehf, Síðumúla 20
 Ottó B. Arnar ehf, Skipholt 17
 Ósal ehf, Tangarhöfða 4
 Pixlar ehf, Suðurlandsbraut 52
 Pípuagnaverktakar ehf,
 Langholtsvegi 109
 Pjaji ehf, Suðurlandsbraut 6
 Plús Film ehf, Laugavegi 178
 Þökkun og flutningar ehf,
 Smiðshöfða 1
 Rafás, rafverktaki, Fjarðarási 3
 Rafmiðlun ehf, Dugguvogi 2
 Rafneisti ehf, Langholtsvegi
 112b
 Rafskoðun, Hólmaslóð 4
 Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
 Rafeikning hf, Suðurlandsbraut 4
 Raftíðni ehf, Eyjarslóð 3

Raftæknistofan hf, Grensásvegi
 3
 Raftækniþjónusta Trausta ehf,
 Síðumúla 1
 Rafvirkjaþjónustan ehf, Torfufelli
 11
 Réttingaverkstæði Bjarna og
 Gunnars ehf, Bildshöfða 14
 Rolf Johansen & Co ehf,
 Skútuvogi 10a
 Rúmfatalagerinn hf, Skeifunni 13
 RÖgn, heildverslun, Ármúla 17a
 S.B.S. innréttingar, trésmiðja,
 Hyrjarhöfða 3
 Saga Film hf, Laugavegi 176
 Samskiptamiðstöð
 heyrnarlausra, Hús
 Sjómannaskóla v/ Háteigsveg
 Samtök atvinnulífsins,
 Garðastræti 41
 Securitas hf, Síðumúla 23
 Seljakirkja, Hagaseli 40
 SFR stéttarfélag í
 almannaþjónustu, Grettisgötu 89
 SÍBS, Síðumúla 6
 Sjálfstæðisflokkurinn,
 Háaleitisbraut 1
 Sjá-viðmótsprófanir ehf,
 Ingólfsstræti 1a
 Sjómannafélag Reykjavíkur,
 Skipholt 50d
 Sjóvélur ehf, Skútuvogi 6
 Sjúkravörur, Suðurlandsbraut 52
 Skandinavía leikir ehf, Snælandi 7
 Skefjar hf, Laugavegi 182, 4. hæð
 Skúlason og Jónsson ehf,
 Skútuvogi 6
 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
 bs, Skógarhlíð 14
 Smith og Norland hf, Nóatúni 4
 Snerruútgáfan ehf, Lynghálsi 11
 Snóker ehf, Hverfisgötu 46
 Starfsgreinasamband Íslands,
 Sætúni 1
 Stilling ehf, Kletthálsi 5
 Stofnun Sigurðar Nordals,
 Þingholtsstræti 29
 Subway, Austurstræti 3
 Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
 Sveinbjörn Sigurðsson hf,
 Smiðshöfða 7
 Sveinsbakarí, Arnarbakka 4-6
 Sökkull ehf, Funahöfða 9
 T.V. ehf tækniþjónusta og
 verktakar, Síðusel 5
 Talnakönnun hf, Borgartúni 23
 Tandur hf, Hesthálsi 12
 Tannlæknastofa Ástu B
 Thoroddsen, Stigahlíð 44
 Tannlæknastofa Guðrúnar
 Ólafsdóttur, Snorrabraut 29
 Tannlæknastofa Hauks
 Þorsteinssonar, Óðinsgötu 4
 Tannsmiðaverkstæði ehf,
 Síðumúla 29
 Teiknivangur, teiknistofa,
 Kleppsmýrarvegi 8
 Tekton ehf, Háteigsvegi 7
 Timadjásn, Grímsbæ
 Topp húsið, fataverslun, Mörkinni 6
 Tónsport ehf, Lágmúla 4
 Trésmiðjan Jari ehf, Funahöfða 3
 Tróbeco ehf, Laugavegi 71
 Tryggingamiðlun Íslands ehf,
 Síðumúla 21



Döff-leikritið „Viðtalið”

Þann 4.mars sl. frumsýndi Draumasmiðjan í Hafnarfjarðarleikhúsinu döff-leikritið „Viðtalið” eftir Lailu M. Arnþórsdóttur og Margrét Pétursdóttur. Áhorfendur voru að vonum mjög ánægðir með verkið, sem var bæði skondið og skemmtilegt, sorglegt og átakanlegt. Meðal leikenda voru tvær heyrnarlausar kjarnakonur, þær Elsa Guðbjörg Björnsdóttir og Berglind Stefánsdóttir.

Viðtalið fjallar um mæðgur sem eru að fara í viðtal. Dóttirin er fræg heyrnarlaus leikkona og móðirin heyrir, einnig kemur túlkur til að vera til aðstoðar í viðtalinu. Spyrjandinn er seinn og mæðgurnar fara að spjalla saman í gegnum túlkinn. Þar sem dóttirin er alin upp á tímum talmálsstefnunnar (1880 - 1980) þá talar móðir hennar ekki táknmál og íslenskukunnátta dótturinnar er verulega af skornum skammti. Á meðan þær mæðgur bíða eftir blaðamanninum byrja þær að rifja upp gamla tíma og fljótlega kemur í ljós að þær eiga ýmislegt óuppgert.

Sýningin er leikin bæði á táknmáli og raddmáli, svo hún er til jafns fyrir heyrnarlausu og heyrandi. Verkið fjallaði um menningu, sögu og samskiptavandamál heyrnarlausra á Íslandi. Það er skemmtilegt, sorglegt, fallett og fræðandi og opnar augu fólks, hvort sem það hefur kynnst heimi heyrnarlausra eða ekki. Leikritið var sýnt í tvo mánuði. Leikritið var svo aftur sýnt á alþjóðlegri leiklistarhátíð heyrnarlausra í tengslum við norrænu menningarhátíð heyrnarlausra á Akureyri síðastliðið sumar. Þá var það einnig sýnt í Hafnarfirði 19. október sl.

Þriðjudaginn 7.mars, birtist gagnrýni Maríu Kristjánsdóttur um verkið í Morgunblaðinu. Hér eru nokkrar tilvitnanir í leikdóminn:

“Leikstjóranum, Margréti Pétursdóttur, tekst afskaplega vel að sameina heimana tvo, þeirra heyrnarlausu og heyrandi...”

“Þeir (leikararnir) standa sig allir með mikilli prýði og – eðlilega kannski – er alveg sérstakt mjúkt áreynsluleysi í leik tákn málsleikaranna.”

“...hvernig stendur á því að öllum börnum er ekki kennt tákn máll strax frá leikskóla? Hvernig getum við, þessi fámenna þjóð, sýnt hópi heyrnarlausra slíkt áhuga- og skeytingaleysi?”



Döff menning

- hvað er það?

Eftir Júlíu G. Hreinsdóttur

Þann 31. mars síðastliðinn hélt ég fyrirlestur í Háskóla Íslands sem bar heitið „Döff menning – hvað er það?“ Þetta var í fyrsta skiptið sem málþing var haldið í Háskóla Íslands sem sneri að menningu heyrnarlausra. Rannveig Traustadóttir dósent við Félagsvísindadeild Háskólans og doktor í fötlunarfræðum stýrði málþinginu. Rannveig Traustadóttir og Valgerður Stefánsdóttir forstöðumaður Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra áttu frumkvæði að samvinnu Félagsvísindastofnunar, Félags heyrnarlausra og Samskiptamiðstöðvar um að halda málþing um þetta efni. Þeir sem héldu fyrirlestra voru ég, Júlía G. Hreinsdóttir, Berglind Stefánsdóttir og Valgerður Stefánsdóttir.

Menning

Almennt séð eru tungumál og menning tengd sterkum böndum sem ekki er hægt að slíta í sundur. Hvert tungumál tilheyrir þannig ólíkri menningu sem tengir saman þá einstaklinga sem nota það mál og þann stað sem málið er notað á. Í bók Paddy Ladd, *Understanding Deaf Culture*, vitnar hann í Tylor sem var fyrstur til að koma með skriflega skilgreiningu á ensku á hugtakinu menning og er hún frá 1871. Hann segir:

Menning er sú flókna heild sem inniheldur þekkingu, trú, list, siðferði, lög, hefðir og alla

þá möguleika og venjur sem maðurinn hefur tileinkað sér sem hluti af samfélagi. (Ladd, 2003, s. 200).

Nefnum sem dæmi um menningu:

Ljóð, bókmenntir, brandarar - þetta er allt saman skráð í þeirri menningu sem á sér ritmál og er haft sýnilegt í hillum, þeir sem nota táknmál þurfa hins vegar að taka þetta efni upp á myndband til að varðveita það og gera öðrum kleift að njóta þess.

Döff

Hér á Íslandi skilgreinum við heyrnarlaus okkur sem Döff og það er munnhreyfingin sem við notum þegar við segjum tákníð heyrnarlaus. Það að vera Döff er í okkar huga að: tilheyra samfélagi heyrnarlausra, líta á táknmál sem okkar fyrsta mál og þetta snýst líka um samsömun og sjálfsmýnd en ekki hvert stig heyrnarskerðingarinnar er. Hér á eftir mun ég því nota hugtakið Döff þegar ég tala um fullorðna heyrnarlaus einstaklinga, en þegar ég ræði um börn nota ég orðið heyrnarlaus. Döff menning er sú menning sem myndast þar sem heyrnarlausir koma saman og í flestum tilfellum er það í heyrnleysingjaskólum, þangað sem börnin koma án þess að hafa haft sterkar málfyrirmyndir heima fyrir, koma saman, hitta eldri Döff og læra málið – það er ástæðan fyrir því að heyrnleysingjaskólar hafa oft verið kallaðir vaggja Döff menningar. Skólinn

verður þá sá staður þar sem frásagnir af reynslu og upplifunum verða til og flytjast á milli einstaklinga. Nú þegar heyrnarlaus börn eru í blöndun allt frá leikskóla og upp í gegnum öll skólastigin er spurning hvernig þessi menning haldist og erfist á milli kynslóða. Einnig er ekki vitað hvernig börn með kuðungsgræðslu koma inn í þennan hóp – það eru ekki miklar rannsóknir til um þessar breyttu aðstæður og hvaða áhrif þær hafa á Döff menningu, því það er svo stutt síðan breytingarnar fóru af stað hér á Íslandi. Hluti af Döff menningu er svo kallaður alþjóðlegur – því Döff upplifa sig oft eiga meira sameiginlegt með öðrum Döff en fólki af sama þjóðerni. Það er ástæðan fyrir því að Döff leggja oft mikið á sig til að taka þátt í stóratburðum, s.s. Ólympíuleikum Döff, Heimspingum hjá WFD, Norðurlandasamstarfi eins og haldið verður hér á landi nú í sumar á Akureyri, en þangað munu Döff mæta í stórum stíl til að taka þátt í því sem kallað er „Döffland“. Eins berast fréttir af stórslysum með ógnarhraða um samfélag Döff um allan heim, þar sem látið er vita hvort einhver Döff hafi lent í þeim eða ekki.

Táknmál

Nú ætla ég aðeins að snúa mér að táknmáli, flestir heyrandi Íslendingar halda að táknmál sé alþjóðlegt tungumál, sem það er auðvitað ekki. Hvert málsvæði á sitt eigið táknmál og



tengsl þeirra eru ólík tengslum raddmála. Sem dæmi má nefna að í Bandaríkjunum og á Englandi er töluð enska og skilja þessar þjóðir hvor annan vel, þó enskan sé ekki nákvæmlega sú sama. Hins vegar eru táknmálin gjörólik þar sem Bandaríska táknmálið (ASL) á rætur sínar að rekja til Frakklands (FSL) en ekki Englands (BSL) – því eru ASL og BSL byggð upp á gjörólikan hátt og Döff Bandaríkjamenn og Englendingar geta átt í erfiðleikum með að skilja hver annan.

Brandarar og ljóð

Sumt í menningu getur verið erfitt að skilja, t.d. ljóð og brandarar, oft er erfitt að þýða þessa menningu á milli tungumála. Nákvæmlega það sama á við um þýðingar á milli raddmáls og táknmáls, almennt á heyrandi fólk í erfiðleikum með að skilja Döff brandara og ljóð, rétt eins og Döff eiga í erfiðleikum með að skilja brandara og ljóð heyrandi. Til þess að geta skilið þessa menningu er nauðsynlegt að vera hluti af henni, ekki bara áhorfandi eða utanað komandi. Þegar fólk flyst á milli landa getur það tekið lengstan tíma að komast inn í þennan hluta menningar, eins er með heyrnarlausu og heyrandi, þeir þurfa að vera hluti af menningu hvers annars til að skilja þetta til fulls. Að sjálfsgöðu er erfiðara fyrir Döff að komast inn í menningu heyrandi, því þeir ná ekki að vera hluti af samskiptum heyrandi. Oft er ekki nóg að lesa þetta efni í texta því það getur verið erfitt að skilja textann – því er nauðsynlegt að fá þessa menningu heyrandi í gegnum táknmál og jafnvel með útskýringum, því oft eru brandarar tengdir einhverju sem áður hefur verið rætt og það þarf stundum að útskýra fyrir Döff.

Samskiptareglur

Fleiri atriði eru ólík í menningu Döff og heyrandi en brandarar og ljóð. Má þar nefna sem dæmi augnsamband sem Döff halda á meðan þeir tala hver við annan og það að rjúfa augnsamband getur verið dónaskapur en er einmitt þveröfugt hjá heyrandi. Þar er viðeigandi að láta augun reika fram og til baka á meðan rætt er saman. Einnig er ólíkt hvernig fólk nær sambandi hvert við annað, heyrandi kalla nafn viðkomandi á meðan Döff nota snertingu – en það að snerta ókunnuga mennesku getur verið ruddalegt í menningu heyrandi fólks.

Bókmenntir

Stór hluti af menningu heyrandi Íslendinga eru bókmenntir en fullorðnir Döff tilheyra ekki þeirri menningu, því í gegnum þeirra skólagöngu var aðaláherslan lögð á að læra að lesa af vörum og heyrnarþjálfun en ekki

lesskilningur. Því er þessi heimur lokaður flestum fullorðnum Döff – það sem þeir þekkja af gamalli íslenskrí menningu er þjóðbúningurinn, því hann er sýnilegur, en t.d. eru fáir Döff sem þekkja þjóðsönginn eða Íslendingasögurnar. Að sjálfsgöðu vita flestir Döff sitt hvað um víkingana og það tímabil, en mest af þeirri þekkingu snýr að útliti en ekki bókmenntaarfinum. Þetta hefur sem betur fer breyst mikið á undanförunum árum, þar sem lestrarkennsla hefur stórbátnað og nú geta heyrnarlaus börn lesið á við heyrandi jafnaldrana sína og eru á þann hátt tvítýngd. Hvað með Döff bókmenntir – er það til? Þar sem táknmál á sér ekki ritmál í neinu táknmálsamfélagi er ekki hægt að tala um Döff bókmenntir á nákvæmlega sama hátt og bókmenntir heyrandi, það er ekkert til innbundið og geymt í hillum. Hins vegar með tilkomu nýrrar tækni, að taka efni upp á myndbönd, DVD og geyma á því formi er komin leið til að geyma Döff bókmenntaarf sem hingað til hefur einungis verið geymdur í munnmælum á milli kynslóða – eins og heyrandi gerðu áður en ritun og prentlist komu til sögunnar. Nú hafa heyrandi haft mörg hundruð ár til að safna sínum bókmenntum á pappír og um allan heim eru til bækur sem geyma þennan fróðleik, en Döff eru rétt að byrja að safna sínum arfi og því er afar lítið efni til víðast hvar í heiminum.

Hvað þurfum við að gera á Íslandi?

